



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

39. Fundargerð

39. Fundur ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í frístundarhúsnæði fyrir ofan félagsheimilið, fimmtudaginn 12.febrúar 2025 kl. 18:00

Fundinn sátu:

Andri Smáráson

Ásdís Rún Grímsdóttir

Ingibjörg Elka Þrastardóttir

Harpa Jakobsdóttir

Karólína Waagfjörð Björnsdóttir.

Kjartan Guðjónsson

Tinna Þorkelsdóttir

Ingileifur Áki Jónsson

Óttar Guðlaugsson, Heilsu- og tómstundafulltrúi.

Fjarverandi voru: Ísold Assa Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Fundargerð seinasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til yfirferðar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Myndbandsgerð - hvernig er staðan á þeirri vinnu?

Farið var yfir stöðu myndbandsverkefnis ungmennaráðsins. Fram kom að upptökum væri lokið og að eftir væri að vinna efnið og setja það saman til birtingar. Stefnt er að dreifingu myndbandsins að vinnslu lokinni.

3. Heilsuvika 16.-22.mars- hvað vill ungmennaráðið sjá gert þarna?

Rætt var um þátttöku ungmennaráðs í Heilsuviku sveitarfélagsins.

Samþykkt var að standa fyrir gryfjubolta fyrir ungmenni á meðan Heilsuviku stendur.

Viðburðurinn verður opinn öllum ungmenum.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

Jafnframt var rætt um kynningu viðburðarins og samþykkt að nýta samfélagsmiðla til auglýsinga, meðal annars TikTok og Facebook-hóp sveitarfélagsins.

Einnig var rætt um mikilvægi sýnileika ungmennaráðsins á samfélagsmiðlum. Samþykkt var að stofna Instagram-aðgang fyrir ráðið og tók Ingibjörg að sér að vinna málið áfram.

Áhersla var lögð á mikilvægi samstarfs við samfélagsmiðla sveitarfélagsins varðandi deilingu efnis og kynningu.

4. Umsagnir(okkar álit) til Barna- og menntamálaráðuneytis vegna nýrrar ungmennastefnu íslands.

- Mikilvægt er að skapa fleiri vettvanga til samráðs og samtals við ungmenni um málefni sem snerta þau. Sem dæmi mætti halda reglulega ungmennaráðsráðstefnu þar sem fulltrúar ungmennaráða landsins hittast og eiga samtal við alþingismenn. Einnig er mikilvægt að efla vettvang eins og Barnaþing til að tryggja að rödd ungs fólks fái aukið vægi í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Auka þarf framboð á heimavistum við framhaldsskóla til að tryggja jafnt aðgengi að fjölbreyttu námsframboði. Ungmenni af landsbyggðinni standa oft höllum fæti þegar kemur að námi utan heimabyggðar þar sem kostnaður við húsnæði og framfærslu getur verið verulegur. Fjölgun heimavista myndi stuðla að auknu jafnræði til náms óháð búsetu.
- Efla þarf forvarnarfræðslu í grunnskólum og leggja aukna áherslu á jafningjafræðslu sem mikilvægt verkfæri í forvörnum og heilsuefningu meðal ungmenna.
- Mikilvægt er að styrkja tengsl skóla við atvinnulíf, til dæmis á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Slíkt getur aukið skilning nemenda á fjölbreyttum starfsleiðum og auðveldað þeim að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðarnám og störf.
- Mikilvægt er að grípa markvisst inn í og taka betur á agamálum í grunnskólum til að tryggja öruggt og jákvætt námsumhverfi fyrir alla nemendur.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

- Endurskoða þyrfti fyrirkomulag hreyfingar í grunnskóla og þá ber helst að nefna sundkennslu í menntastefnu. Endurskoða mætti fjölbreyttari úrræði fyrir ungmenni við efsta stig skólaárs til að styðja við heilsueflingu ungmenna.
- Tryggja þarf aukið aðgengi ungmenna að sálfræðipjónustu og stuðningi innan skóla- og heilbrigðiskerfisins.
- Mikilvægt er að skapa fleiri opna vettvanga fyrir íþrótt- og félagsstarf þar sem ungmenni geta tekið þátt án þess að þurfa að vera í keppnisíþróttum. Slíkt starf styður við þátttöku, félagskap og hreyfingu í anda ungmennafélagsshreyfingarinnar þar sem áhersla er á að allir geti tekið þátt.
- Auka þarf aðgengi ungmenna að sálfræðiaðstoð og annarri geðheilbrigðisþjónustu til að bregðast við vaxandi þörf fyrir stuðning við andlega heilsu.
- Mikilvægt er að sveitarfélög haldi áfram að reka vinnuskóla fyrir ungmenni þar sem þeir veita mikilvæga fyrstu reynslu af þátttöku á vinnumarkaði og stuðla að ábyrgð og færni í starfi.
- Skoða mætti möguleika á að lengja fæðingarorlof til að styrkja tengsl foreldra og barna og jafnframt auðvelda skipulag leikskólamála.
- Mikilvægt er að gera ungu fólki auðveldara að eignast húsnæði, meðal annars með aukinni fræðslu og fjármálaráðgjöf um húsnæðismál og fyrstu skref á húsnæðismarkaði.

4. önnur mál

a) Páskabingó

Rætt var um möguleika á að halda páskabingó á vegum ungmennaráðsins. Málið verður tekið til frekari umræðu á næsta fundi.

b) Félagslíf ungmenna í sveitarfélaginu

Umræður fóru fram um leiðir til að efla félagslíf ungmenna í sveitarfélaginu. Hugmyndir komu fram um að ungmennaráð stæði fyrir reglulegum hittingum og viðburðum fyrir ungmenni.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

5. næsti fundur

Næsti fundur ungmennaráðs verður haldinn mánudaginn 13. apríl 2026 kl. 19:15. Sent verður boð í gegnum Messenger hóp ungmennaráðsins.